

18

10. marz

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla.

| Bæjanöfn: | Arður og gjöld: |
|---|-----------------|
| Spákelsstaðir | 1,20% |
| Goddastaðir | 4,30— |
| Lambastaðir | 2,80— |
| Gillastaðir | 3,70— |
| Sámsstaðir | 3,70— |
| Hamrar | 1,50— |
| Svalhöfði | 2,10— |
| Sólheimar | 1,00— |
| Pálssel | 2,10— |
| Dönustaðir | 5,50— |
| Gröf | 2,10— |
| Svarfhóll | 3,70— |
| Þrándarkot | 3,00— |
| Leiðólfsstaðir | 5,20— |
| Hornsstaðir | 0,60— |
| Höskuldsstaðir | 8,50— |
| Hjarðarholt með veiðirétti fyrir Sauðhúsa-, Saura-, Fjósa- og Hrappsstaðalandi | 49,00— |

Arðskrá þessi gildir til næstu 5 ára.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. marz 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

19

11. marz

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Siglufjarðar-
kaupstað frá 8. október 1920.

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fyrirskipa, að eigendur verksmiðjuhúsa og húsa, þar sem eru vinnustofur, komi fyrir á eigin kostnað á hentugum stað og haldi vel við slökkvitæki, er einn maður getur farið með og af þeirri tegund, sem tekin er gild af Brunabótafélagi Íslands.